

Þróunarsjóður innflytjendamála - Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Tækifæri og hindranir í háskólanámi á Íslandi með hliðsjón af uppruna og kyni

Nafn styrkþega: Háskóli Íslands, jafnréttisfulltrúi

Útdráttur: Menntun er mikilvægur hluti af þátttöku í samfélaginu og til að þroska hæfileika einstaklings, og hefur jafnframt áhrif á lífsgæði. Háskólamenntun eykur möguleika til fjölbreyttari starfa að námi loknu. Engar tölur liggja fyrir um fjölda háskólanema á Íslandi af erlendum uppruna og er nauðsynlegt að bæta þar úr. Í þessari rannsókn verður aðferð samtunnunar (e.intersectionality) beitt – þar sem samhliða er skoðað í hvaða mæli fólk af erlendum uppruna og fólk af ólýkum kynjum sækir sér háskólamenntun á Íslandi; ástæður að baki mismikilli sókn ólíkra hópa og leitað verður hagnýtra lausna. Verkefnið hefur að markmiði að auka þessingu á a) hvort fólk af erlendu uppruna sækir háskólanám í minna mæli en aðrir; og b) ástæðum þess að konum hefur á undanförunum árum og áratugum fjölgað hraðar en körlum í háskólanámi; svo og samspili milli a) og b). Mikilvægt er fyrir þjóðfélag að hafa nokkuð jafnt hlutfall kynja með sérþekkingu af ýmsu tagi svo nýta megi fjölbreytt sjónarhorn, og á það einnig við um fólk af erlendum uppruna. Verkefnið er liður í að draga úr hindrunum, staðalmyndum og öðrum ástæðum þess að einstakir hópar sækja síður í háskóla, með þeim afleiðingum að breitt sjónarhorn tapast, fólk fer á mis við tækifæri, mannauður nýtist síður og lausnir verða einsleitari. Að auki eykst efnahaglegur ójöfnuður og þar af leiðandi eykst hættan á því að t.d. fólk af erlendum uppruna lendi í fátæktargildru.

Name of the project: Opportunities and obstacles in higher education in Iceland with regard to origin and gender

Name of grantee: University of Iceland, Equality Officer

Project description: Education is an important part of participation in society and for the development of an individual's talents, and at the same time affects the quality of life. University education increases opportunities for more diverse jobs after graduation. There are no figures available on the number of university students in Iceland of foreign origin and it is necessary to improve this. In this study, the method of intersectionality is applied - where the number of people of foreign origin and people of different genders that attend a university in Iceland is examined.

The aim of the project is to increase awareness of a) whether people of foreign origin attend university to a lesser extent than others; and (b) the reasons why women have increased more rapidly than men in higher education in recent years and decades; as well as the interaction between a) and b).

It is important for a society to have a fairly equal proportion of the sexes with expertise of various kinds so that a diverse perspective can be used, and this also applies to people of foreign origin. The project is part of reducing barriers, stereotypes and other reasons why individual groups attend university less, with the result that broad perspectives are lost, people miss opportunities, human resources are used less and solutions become more homogeneous. In addition, economic inequality increases and, as a result, the risk increases that e.g. people of foreign origin fall into the poverty trap.